

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 241/2016****2018/EES/56/26**

frá 2. desember 2016

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/461/ESB frá 17. september 2013 um meginreglur varðandi SOLVIT <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilmæli 2013/461/ESB koma í staðinn fyrir tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/893/EB <sup>(2)</sup>, sem hafa verið felld inn í EES-samninginn, og koma þau því í staðinn fyrir síðarnefndu tilmælin skv. EES-samningnum.
- 3) II. og X. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Texti 5. liðar (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/893/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XX. kafla II. viðauka við EES-samninginn fellur brott.

*2. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 3a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/89/ESB) í X. viðauka við EES-samninginn:

„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

1. **32013 H 0461**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/461/ESB frá 17. september 2013 um meginreglur varðandi SOLVIT (Stjútíð. ESB L 249, 19.9.2013, bls. 10).“

*3. gr.*Íslenskur og norskur texti tilmæla 2013/461/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 249, 19.9.2013, bls. 10.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2001, bls. 79.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.